



Starfsáætlun Tjarnarskóla

Skólaárið 2011 -2012



Efnisyfirlit

Stefna skólans	4
Markmið – áherslur - leiðarljós	5
Skóladagatalið - þrjár annir - námsmat	6
Vikulegur stundafjöldi	6
Skóladagatal Tjarnarskóla.....	6
Starfsáætlun nemenda	7
Einstaklingurinn í fyrirrúmi	7
Samvinna, tillitsemi, góð verkaskipting, samkennd; fjölbreyttir kennsluhættir	7
Samræmd könnunarpróf	8
Skólareglur	8
Viðbrögð þegar út af bregður:.....	9
Ef hegðun er ábótavant.....	9
Stoðþjónusta	9
Stuðningur í námi, sérkennsla, sérúrræði	10
Nýir Tjarnskælingar	10
Áföll og viðbrögð við þeim	11
Forvarnaáætlun/vímuvarnir	11
Skólaheilsugæsla	14
Nemendaverndarráð	14
Eineltisáætlun.....	15
Samstarf við þjónustumiðstöð	16
Mannréttindi og jafnrétti	16
Náms- og starfsráðgjöf; heimsóknir í framhaldsskóla	17
Sálfræðiþjónusta - greiningavinna	17
Félagsstarf nemenda	17
Nemendaráð.....	17
Haustferð og skíðaferð	18
Keiluferðir og skautuferðir.....	19
Öskudagur er skemmtilegur skóladagur	19
Við gerum okkur dagamun af ýmsu tilefni	19
Leiklist undir stjórn Pálínu Jónsdóttur, leikkonu	19
Vorferð 10. bekkjar.....	20
Samstarf við foreldra	20

Foreldraráð Tjarnarskóla veturinn 2011 – 2012 (hefur ekki verið skipað)	20
Mikl áhersla lögð á gott upplýsingastreymi til foreldra.....	21
Haustfundir með foreldrum	21
Heimanám	21
Stjórnkerfi – skipurit	22
Skólaráð	23
Starfsfólk skólans skólaárið 2011 – 2012	24
Hagnýtar upplýsingar um skólahald	25
Nestismál	26
Forföll og leyfi.....	26
Viðbrögð við óveðri	26
Tjón og slys – tryggingar	26
Samstarf við félagsmiðstöð	27
Eldvarnar- og rýmingaráætlun	27
Viðbrögð við jarðskjálftum	27
Annað sem skólinn vill taka fram	27
Raunveruleikurinn – góður árangur	27
Samvinna við Fjölbautaskólann í Ármúla	28
Grenndarskógasamkomulag undirritað á skólaárinu 2009-2010.....	28
Heimsóknir 10. bekkinga í framhaldsskóla; fræðsla um menntun og störf	28
Við förum gjarnan með nemendum út úr húsi í hinar ýmsu heimsóknir.....	29
Gestir fá talsvert svigrúm í skólastarfinu. „Skerpa“ á stundaskránni.....	29
Hláturjoga	29
Ungbarnadagarnir „Hugsað um barn“	30
Umbótaáætlun – þróunarstarf	30



Tjarnarskóli var stofnaður 1985 og er til húsa í hjarta Reykjavíkur, að Lækjargötu 14b, 101 Reykjavík. Í skólanum eru nemendur í 7., 8., / 9. /og 10. bekk í þremur bekkjardeildum. Skólinn er rekinn sem einkahlutafélag.

Stefna skólans



Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á hvetjandi námsumhverfi og mannrækt. Við viljum hvetja og styrkja nemendur okkar á uppbyggilegan hátt og stuðla að vellíðan þeirra í leik og starfi. Við byggjum á styrkleika hvers og eins og viljum mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur hverju sinni. Nemendur okkar læra öguð vinnubrögð, samvinnu og samábyrgð og áhersla er lögð á góða hegðun, kurteisi og háttvísi. Áhersla er lögð á að nemendur leggi góðan grunn að því að verða færir um að taka góðar ákvarðanir. Gott samstarf, á milli allra þeirra sem koma að menntun og uppeldi nemenda okkar, er okkur mikilvægt. Mikil áhersla er lögð á gott upplýsingastreymi til foreldra og nemenda um sem flesta þá þætti er lúta að velferð nemenda og þátttöku í skólasterfinu.

Einkunnarorð okkar eru: „Allir eru einstakir“ og „Lítill skóli með stórt hjarta“.



Allir eru einstakir

Markmið – áherslur - leiðarljós

Líðan nemenda og starfsfólks

- Nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum.
- Jákvætt og hvetjandi andrúmsloft sem er um leið uppbyggilegt og hrósandi.
- Mannrækt í sem víðasta skilningi.

Góð grunnenntun – einstaklingsmiðað nám

- Góð grunnenntun og undirbúningur fyrir lífið og tilveruna.
- Sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur temji sér góðar námsvenjur.
- Nemendur fái viðfangsefni sem þjálfar allar tegundir greindar (fjölgreind) og úrvinnslu.
- Hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur.
- Vera fundvís á styrkleika einstaklinga.
- Styrkja einstaklinginn sem manneskju á faglegan hátt.
- Skipulagning skólastarfsins taki ávallt mið af því að einstaklingurinn sé í fyrirrúmi.

Mannrækt

- Samvinna/samhjálp nemenda – samvinna árganga.
- Samábyrgð nemenda og verkaskipting.
- Góð hegðun, samfélagsfærni, háttvísi og kurteisi, hvar sem nemendur koma fram á vegum skólans.
- Þjálfun í jákvæðum samskiptum.
- Heilbrigðir lífshættir.

Námsumhverfi

- Rólegt/áreitalítið námsumhverfi.
- Góður ytri aðbúnaður og öryggi.

Samstarf

- Gott samstarf; milli skóla og heimils.
- kennara og nemenda.
- innan kennarahópsins.
- nemenda og foreldra.

Skóladagatalið - þrjár annir - námsmat



Skólaár Tjarnarskóla skiptist í þrjár annir. Hverri önn lýkur með námsmati.

Við höfðum þann háttinn á að skipta skólaárinu í fjórar annir; tvær fyrir jól og tvær eftir jól. Næsta vetur hyggjumst við breyta þessu í tilraunaskyni og hafa annirnar þrjár. Í lok hvernar annar fer fram námsmat sem felur í sér prófseinkunn, vetrareinkunn, umsagnir kennara og mat á ýmsum öðrum þáttum skólastarfsins s.s. félagsþáttum, framkomu, stundvísi og ástundun. Í lok 1. og 2. annar hitta umsjónarkennarar hvern umsjónarnemanda sinn ásamt foreldri/forráðamanni þar sem farið er yfir einkunnir og umsagnir.

Vikulegur stundafjöldi

Vikulegur kennslutími nemenda í skólanum skal vera að lágmarki 1460 mínútur á viku. Nemendur fá afhentar stundatöflur í upphafi kennsluársins og allir foreldrar/forráðamenn fá send eintök í tölvupósti við upphaf skólastarfs. Stundaskráin er samfelld hjá öllum nemendum skólans. Hver kennslustund er 40 mínútur. Á milli kennslustunda er 5 mínútna hlé, en á miðjum morgni er 20 mínútna hlé og síðan 40 mínútur í hádeginu.

Skóladagatal Tjarnarskóla

Nálgast má skóladagatalið á hlekknum hér fyrir neðan:

<http://tjarnarskoli.is/Skóladagatal%202011-2012.pdf>



Starfsáætlun nemenda



Einstaklingurinn í fyrirrúmi

Okkar leiðarljós í skólastarfinu er að hver og einn nemandi fái námsefni og kennslu við hæfi. Þegar nemandi hefur skólagöngu í Tjarnarskóla leitast kennarar við að kynnast nemandanum, námslegri stöðu hans og sterkum/veikum hliðum. Góð mannleg samskipti eru ávallt órjúfanlegur hluti af þessu ferli. Til þess að mæta ólíkum einstaklingum sem standa mjög mismunandi að vígi þegar þeir hefja sína Tjarnarskólagöngu leitumst við við að finna námsefni við hæfi hvers og eins, allt eftir því hvar viðkomandi er staddur. Hver kennari skipuleggur námið hjá hverjum nemanda og við annarlok tekur hver nemandi próf úr því námsefni sem hann hefur komist yfir á önninni (mjög breytilegt eftir einstaklingum).

Samvinna, tillitsemi, góð verkaskipting, samkennd; fjölbreyttir kennsluhættir

Á hverjum vetri vinna nemendur margvísleg samvinnuverkefni. Við erum ákaflega stolt af fyrirkomulagi þemadaganna í skólanum. Að öllu jöfnu eru þeir í nóvember og janúar, þrjá kennsludaga í senn. Við sjáum ótrúlega margt skemmtilegt leysast úr læðingi á þessum dögum því þá eru nemendur í sannkölluðum þjálfunarbúðum í samskiptum, samvinnu, og listrænni sköpunarvinnu. Það er alltaf keppikeflið að allir séu virkir og séu meðvitaðir um að þeirra framlag skipti máli; bæði fyrir þá sem einstaklinga, en einnig fyrir samstarfshópinn í heild. Við höfum þróað sérstök matsblöð þar sem nemendum sjálfum er ætlað að meta hina ýmsu þætti hópastarfsins, s.s. eigið framlag, verkaskiptingu í hópnum, hópstjórn, samvinnu og margt fleira. Nemendur sjálfir meta sína eigin vinnu, en einnig vinnu annarra hópa í þeim tilgangi að gera þá betur meðvitaða um hve miklu máli það skiptir að vera góður þátttakandi í hóp. Kennarar leggja að sjálfsögðu sína mælistiku á verkefni af þessu tagi og viðurkenningar eru veittar fyrir góða frammistöðu.

Margvísleg önnur samvinnuverkefni eru ávallt á döfni á hverjum vetri í hinum ýmsu námsgreinum, s.s. stærðfræðimælingar, útiverkefni í náttúrufræði, glærusýningar í tungumálanámi og samfélagsfræði, ratleikir, myndlistarverkefni, uppsetning á leikriti, verkefni í kjölfar heimsóknar, þátttaka í hinum svo nefnda Raunveruleik, fjarnám í framhaldsskólum, tálgunarverkefni, grenndarskógarverkefni, námskeiðið „Hugsað um barn“ ... og þannig mætti lengi telja. Til marks um margt að því sem við tökum okkur fyrir hendur eru myndir og fréttir úr skólastarfinu sem má sjá á www.tjarnarskoli.is.



Samræmd könnunarpróf

Í skólanum eru nemendur í 7. – 10. bekk. Nemendur í 7. og 10. bekk taka því hefðbundin samræmd próf.

Skólareglur



Endurskoðun á skólareglum Tjarnarskóla var viðfangsefni skólaársins 2010 - 2011 með þátttöku skólaráðs. Þær skólareglur sem eru nú skráðar eru eftirfarandi:

Skólinn er sameiginlegur vinnustaður nemenda, kennara og annars starfsfólks.

Við berum virðingu fyrir skólanum, eignum hans og umhverfi.

Við virðum hvert annað.

Við bætum það tjón sem við völdum öðrum.

Við erum stundvís.

Við erum öll með hollt og gott nesti.

Við neytum engra vímu- eða ávanabindandi efna.

Góð umgengni ber okkur fagurt vitni.



Viðbrögð þegar út af bregður:

Gott upplýsingastreymi frá skólanum til foreldra er afar mikilvægur þáttur í að halda uppi góðum siðum og varðveita góðan skólabrag. Liður í þessu er að halda góða skráningu um stundvísi og ástundun. Í þeim tilgangi eru bekkjarkladdarnir þarfapung. Í hverri viku sendir umsjónarkennari kladdaupplýsingar með öllum þeim skráningum sem hafa verið færðar í vikunni. Þar skráum við eftirfarandi:

Ef hegðun er ábótavant

Ef kennari metur hegðun nemanda ábótavant í skólastarfinu og hefur áminnt nemandann án árangurs vísar hann nemandanum á kennarastofu (eða annað eftir aðstæðum) og ræðir við nemandann við fyrsta tækifæri sem gefst. Leitast er við að leiða nemandanum fyrir sjónir hvað það var sem var óásættanlegt og varð til þess að það þurfti að ræða við hann utan kennslustofunnar. Nemandanum er jafnframt gefinn kostur á að segja sína hlið á málinu. Leitast er við að ljúka málinu á uppbyggjandi hátt. Umsjónarkennari og skólastjóri eru upplýstir um málið og umsjónarkennari/skólastjóri hefur samband við foreldra nemandans.

Við alvarlegum hegðunarbrotum er nemandi umsvifalaust vísað í vital við skólastjóra. Tímabundin brottvikning tekur við meðan úrvinnsla málsins fer fram innan skólans og foreldrar/forráðamenn upplýstir eins fljótt og auðið er.

Að öðrum kosti er vísað í þær verklagsreglur (-ferli) um hegðunarvanda, ástundunarvanda, vímuefnavanda og samskiptaerfiðleika sem Menntasvið Reykjavíkurborgar hefur kynnt fyrir skólastjórnendum.

Stoðþjónusta



Mætingar

" = Mætt(ur)
S = Kom of seint
H = Heimild
Ó = Óheimil fjarvist
V = Veikindi
R = Vísað úr tíma
X = Tími fellur niður

Ástundun

Vv = Vann vel
Vl = Vann lítið
Ve = Vann ekkert
Án = Án námsgagna / án
nestis,
án íþrótta-/sundfata.
+ = Lærð(ur)
- = Ólærð(ur)
+/- Lærð(ur) að hluta
viðbótarathugasemd, ef
smellt er á reit með
þríhyrningi

Stuðningur í námi, sérkennsla, sérúrræði

Þegar nemandi byrjar í Tjarnarskóla hefur hann átt sína skólagöngu fram að því í öðrum skóla. Það gefur því auga leið að staða hvers og eins er ólík. Við leggjum okkur fram um að kynnast nemandanum, sterkum/veikum hliðum hans og skipuleggja síðan nám og kennslu í samræmi við forsendur hvers og eins. **Því má segja að hver nemandi fái sín sérúrræði.** Í hverjum bekk eru því nemendur gjarnan með ólík viðfangsefni og í lok hverrar annar (3. annir) tekur nemandi próf úr því námsefni sem hann hefur verið með á önninni. Það námsefni er breytilegt frá einum nemanda til annars í mörgum námsgreinum. Í sumum námsgreinum fylgjast þó allir að s.s. í mannrækt.

Þeir nemendur sem eru afkastamiklir og fara hratt yfir námsefnið hafa tekið fjarnámsáfanga þegar þeir hafa lokið grunnskólanámsefni í tiltekinni grein. Ef nemandi á hins vegar erfitt uppdráttar er leitast við að finna úrræði sem hentar honum. Allir kennarar vinna náið saman og taka sameiginlegar ákvarðanir um úrræði fyrir hvern og einn. Þau úrræði felast einkum í eftirfarandi:

- Leitast er við að nemandinn fái námsefni við hæfi og þau hjálpartæki sem tiltæk eru hverju sinni.
- Persónulegri aðstoð kennara/sérkennara; ýmist inni í kennslustofu, eða utan hennar.
- Þjónustu frá Þjónustumiðstöð miðborgar og hlíða/aðkeyptri þjónustu, s.s. greiningu, þjónustu talmeinafræðings, listmeðferð, þjálfun í félagslegri færni, styrkingu sjálfsmýndar, þjálfun í einstökum námsgreinum, leiðsögn í mannlegum samskiptum og þannig má lengi telja.

Kennarar skólans annast gjarnan þessa einstaklingsþjónustu en Sigríður Thorsteinsson hefur veg og vanda að viðbótarúræðum gagnvart einstökum nemendum. Netfang Sigríðar er sirri@tjarnarskoli.is.

Foreldrar eru nánir samstarfsmenn og eru ávallt upplýstir um úrræði og gang mála. Umsjónarkennari sér um að veita þær upplýsingar með skipulögðum hætti. (umsjónarkennarapóstum /símtölum/fundum).

Nýir Tjarnskælingar

Í umsóknarferli í skólanum koma allir umsækjendur í heimsókn í skólann áður en þeir sækja um. Skólastjóri kynnir skólastarfið fyrir viðkomandi og sýnir skólahúsnæðið. Eftir umsóknarferlið og ef nemandinn fær skólavist þá er hann undirbúinn fyrir fyrstu skrefin. Við skólasetningu leggur skólastjóri ávallt áherslu á að eldri nemendur taki sérstaklega vel á móti þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref. Skólastjóri og umsjónarkennari ræða við hvern bekk fyrsta skóladaginn og fá eldri nemendur til þess að hafa nýja nemendur sem sessunauta og vera þeim innan handar meðan þeir kynnast „Tjarnarskólataktinum“. Umræður um hlýlegt viðmót og tillitsemi fara fram strax fyrsta daginn í skólanum. Umsjónarkennari nýrra nemenda ræðir síðan við þá fyrstu dagana og hugar að líðan og svarar spurningum sem vakna.

Áföll og viðbrögð við þeim

Áfallaráð Tjarnarskóla

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri; s. 8916899 hs. 5689951

Skólahjúkrunarfræðingur, Ásdíst Eckhardt, s. 6998785

Prestar Dómkirkjunnar, s. 5209700

Ef áföll verða í nemenda- eða kennarahópnum á skólatíma þá ber að koma upplýsingum án tafar til skólastjóra eða annarra starfsmanna skólans.

Skólastjóri hefur samband við nánustu aðstendendur. Ef nemandinn/starfsmaðurinn þarf að fara á slysavarðstofu fer starfsmaður skólans með nemandanum/starfsmanninum ef foreldri/-forráðamanni/aðstandanda gefst ekki tími til að komast í tæka tíð.

Ef um slys á starfsmanni skólans er að ræða ber að tilkynna atvikið til lögreglu sem kemur á vettvang og gefur skýrslu um slysið.

Tjarnarskóli er lítill vinnustaður þar sem mikill samhugur og gott samstarf er í fyrirrúmi. Skólastjóri hefur ávallt veg og vanda af því að bregðast við þeim áföllum sem upp koma hverju sinni. Fagmenn eru kallaðir til eftir því hvers eðlis áfallið er. Hjúkrunarfræðingur skólans kemur einungis einu sinni í viku í skólann, en hægt er að kalla hann til ef þarf. Prestar Dómkirkjunnar eru okkar næstu nágrannar og leggja okkur lið þegar þeirra er þörf. Metið er hverju sinni og eftir því hvers eðlis áfall er hvort kalla þurfi til sérfræðiaðstoð s.s. sálfræðing. Góð nærvera, viðmót, hlustun og spjall við nemendur/starfsfólk er hin gullna regla þegar áföll af einhverju tagi koma upp. Foreldrahópurinn er einnig upplýstur þegar svo ber við, s.s. ef andlát/alvarlegt slys ber að höndum í Tjarnarskólasamfélaginu.

Forvarnaáætlun/vímuvarnir

Heilbrigðir lífshættir

Við styrkjum unglíngana okkar með ráðum og dáð til þess að þeir verði færari um að taka góðar ákvaðanir í lífsins ólgusjó. Á unglingsárunum er þeim hættast við að leiðast út í notkun löglegra og ólöglegra fíkniefna. Þess vegna tölum við upphátt um þessar hættur – og þá veikleika sem sýna sig gjarnan hjá fólki á þessum aldri. Það er markmið starfsmanna Tjarnarskóla að koma í veg fyrir að nemendur skólans neyti þessara efna. Auk fræðslu og skólareglna og viðbragða við broti á þeim þurfa kennarar og foreldrar ávallt að vera vakandi í baráttunni við þessi vímuefni.

Forvarnastefna Reykjavíkurborgar er góður vegvísir í skólastarfi. Þar er m.a. lögð áhersla á það leiðarljós:

„Að skapa öllum börnum og ungmennum uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmýnd, einkennist af samkennd og býr yfir viðeigandi stuðningsúrræðum þegar þörf krefur.“

Í allri daglegri umgengni er lögð áhersla á jákvæðan skólabrag þar sem umhyggja fyrir einstaklingnum er í fyrirrúmi. Í skólastarfi Tjarnarskóla eru þessum leiðarljósum fylgt í viðum skilningi. Í því felst að skólinn leggur áherslu á:

Forvarnafræðslu í samræmi við aldur og þroska sem lýtur að því að fræða nemendur um skaðsemi vímuefna og ávanabindandi efna. Hún fer fram í sérstökum mannræktartímum sem eru á stundaskrá einu sinni í viku hjá öllum bekkjum, í náttúrufræðitímum (heilsufræði) og með aðkomu skólahjúkrunarfræðings.

Heilbrigða lífshætti. Á þessu sviði koma margir að áherslupunktum á þessu sviði; s.s. í náttúrufræðikennslu, aðkomu hjúkrunarfræðings, umræðum um matarmál, í þemadagaverkefnum, umræðum í skólaráði svo eitthvað sé nefnt.

Heimsóknum og fyrirlestrum frá aðilum utan skólans af ýmsu tagi; s.s. í höndum Marita-hópsins, forvarnarfræðslu sem lýtur að ábyrgð í umferðinni, heilbrigði og hollustu o.fl.

Fræðslu til foreldra. Einnig er mikil áhersla á öflugt upplýsingaflæði til foreldra um framgang nemenda í skólastarfinu, ástundun, mætingar og líðan.

Öflugri eldvarnafræðslu og fræðslu um viðbrögðum við eldsvoða og jarðskjálfta í upphafi skólaárs.

Áherslu á að fyllsta öryggis sé gætt þegar nemendur fara í ferðalög, vettvangsferðir eða eru utan skólahússins á vegum skólans.

Baráttuaðferðir - fíkniefnaáætlun:

Fræðsla innan námsgreinanna. Meginstoðirnar felast í eftirfarandi námsgreinum; mannrækt í öllum bekkjum, náttúrufræði í 10. bekk og í námsgreininni *menntun og störf* í 10. bekk. Í þessum námsgreinum er lagður grunnur að heilbrigðu og jákvæðu sjálfsmati nemenda, leitast er við að styrkja þá til þess að verða sjálfstæðir einstaklingar sem geta axlað ábyrgð á eigin lífi. Fjallað er sérstaklega um tilfinningaþroska, félagsþroska og líkamsþroska og nemendum þannig kennt að þekkja betur sjálfa sig. Mikilvægi góðrar ákvarðanatöku er einnig á dagskrá. Einnig er fjallað um skaðsemi tóbaks, áfengis og fíkniefna í sem víðustum skilningi. Brýnt er fyrir nemendum að hér er um mikið alvörumál að ræða og að í raun sé það siðferðileg skylda sérhvers manns að láta vita ef einhver býr yfir vitneskju um að nemendi sé t.d. farinn að neyta fíkniefna.

Gestafyrirlesarar. Á hverjum vetri fá nemendur gestafyrirlesara sem tengjast þessu viðfangsefni.

Þátttaka skólahjúkrunarfræðings, skólalæknis og þjónustumiðstöðvar.

Öryggislisti

Við höfum sett saman nokkurs konar *öryggislista* sem er gott að hafa til hliðsjónar fyrir kennara og foreldra í baráttunni við fíkniefnin. Atriðin á listanum þurfa ekki endilega að þýða að um fíkniefnaneyslu sé að ræða en það þarf alltaf að ganga út frá þeim möguleika að neysla fíkniefna sé orsök fyrir nýrri og óæskilegri hegðun nemandans að okkar mati.

1. Hefur orðið skyndileg breyting á félagahóp unglingsins?
2. Vill unglingurinn ekki koma heim með nýju vinina?
3. Er unglingurinn sinnulausari en áður?
4. Sinnir hann námi verr, líkamsþrifum, þrifum á herbergi?
5. Hefur hann skipt um fatastíl?
6. Snarversnar árangur nemandans í námi?
7. Vill hann hætta í öllum áhugamálum sínum, finnst allt leiðinlegt?
8. Hefur peningabörf aukist?
9. Hverfa peningar eða verðmætir hlutir, heima eða í skólanum?
10. Fer hann leynt með símtöl/SMS-skilaboð?
11. Mætir unglingurinn illa í skólann?
12. Vita foreldrar hvar unglingurinn er þegar hann er ekki heima? Lendir hann í auknum árekstrum við heimilismeðlimi, kennara, bekkjarsystkini sín...?
13. Er unglingurinn allur annar en hann var?
14. Virðist hann sljór/áhugalaus?
15. Gleymir hann gjarnan því sem sagt hefur verið við hann?
16. Bregst unglingurinn ítrekað því trausti sem honum er sýnt?
17. Grípur unglingurinn gjarnan til lygi?

Viðbrögð ef grunur leikur á neyslu

- Ef minnsti grunur vaknar um neyslu hjá unglingi ræðir umsjónarkennari við foreldra um grundsemdirnar.
- Málið er tekið upp á kennarafundi og þyki minnsta ástæða til er leitað eftir því við foreldra, af hálfu umsjónarkennara/skólastjóra, að gengið sé úr skugga um (með prufu) hvort grunur reynist réttur eða ekki. Málið er einnig tekið fyrir í nemendaverndarráði.
- Komi í ljós að um neyslu sé að ræða hjá nemanda er hann skráður veitur í skólanum og sækir ekki kennslustundir. Leitað er ráðgjafar hjá fagaðilum og foreldrum veittar upplýsingar um úrræði.
- Í kjölfar meðferðar eða annars úrræðis er endurkoma nemanda í skólann miðuð við eftirfarandi ferli:
 1. Fundur með nemandanum, foreldrum/forráðamönnum og meðferðaraðila ef hægt er að koma því við. Á fundinum eru einnig umsjónarkennari og skólastjóri. Á fundinum er endurkoma nemandans undirbúin þar sem meðal annars er tekið tillit til lengdar skóladags, áherslna í námsvinnunni og þau markmið sem æskilegt sé að nemandi setji sér. Einnig er rætt um eftirfylgni og jákvæða uppbyggingu.
 2. Kennarar vinna einstaklingsáætlun fyrir nemandann í skólavinnunni.
 3. Reglulegir fundir fylgja í kjölfarið þar sem staða nemandans er metin.
 4. Skilyrði fyrir skólavist er að neyslu sé hætt og það sannreynt meðan þörf þykir. Ekki er hægt að bera ábyrgð á unglingi í skólanum sem er í neyslu.

Skilaboðin verða að vera skýr: Við munum aldrei setta okkur við reykingar, drykkju eða fíkniefnaneyslu grunnskólanemenda!

Skólaheilsugæsla

Á heimasíðu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins <http://www.heilsugaeslan.is/?PageID=24> kemur fram:

„Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Starfsemi heilsuverndar skólabarna er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru fræðsla og heilsuefning, bólusetningar, skimanir og skoðanir og umönnun veikra og slasaðra barna ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skóla.“

Heilsugæsla Tjarnarskóla heyrir undir Heilsugæslu miðbæjar.

Skólahjúkrunarfræðingur Tjarnarskóla er Ásdís Eckardt. Netfang hennar er tjarnarskoli@skoli.hg.is. Að öllu jöfnu er hún í skólanum á föstudögum frá 9 – 11.30.

Nemendaverndarráð

Í nemendaverndarráði Tjarnarskóla eru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri

Sigríður Thorsteinsson, umsjónaraðili kennslu nemenda með sérþarfir. Hún sér einnig um náms- og starfsfræðslu.

Ásdís Eckhardt, skólahjúkrunarfræðingur

Guðlaug Guðrún Teitsdóttir, fulltrúi frá Þjónustumiðstöð miðborgar og Hlíða

Eineltisáætlun

Í heildarskipulagi skólustarfsins er lagður grunnurinn að vinsamlegu og manneskjulegu andrúmslofti sem ríkja á í skólanum. Það er ein meginforsenda þess að nemendum líði vel. Frá fyrsta skóladegi er talað upphátt um þá stefnu og að allir þurfi að leggja sitt að mörkum til þess að það takist og að gagnkvæm virðing sé einn mikilvægasti þátturinn til þess að ná því marki.

Í Tjarnarskóla eiga allir nemendur það sameiginlegt að þeir koma víða að, þ.e. úr hinum ýmsu skólum og skólahverfum. Í upphafi skólavistar þeirra er ávallt fastur liður að ræða um mikilvægi góðra og jákvæðra samskipta og leiða nemendur inn í þann skólaanda sem við viljum að ríki. Sá skólaandi er heimilislegur, hlýlegur og manneskjulegur.

Í mannlegum samskiptum getur margt farið úrskaiðis eins og alkunna er. Starfsmenn skólans starfa meðvitað að því að taka á hvers kyns neikvæðri hegðun, jafnóðum, eða eins fljótt og tækifæri gefst, í kjölfar slíkrar hegðunar. Ef grunur vaknar um einelti er það strax rætt í kennarahópnum og síðan gengið til verka. Umsjónarkennari er lykilaðili í könnunarferlinu. Þátttaka mannræktarkennara er einnig mjög mikilvæg vegna þess að í kennslustundum í þeirri námsgrein er kjörinn vettvangur til þess að ræða samskiptamál í sem víðasta skilningi (auðvelt að tengja við námsefnið).

Könnunarferli eineltis – í höndum umsjónarkennara og skólastjóra

- Grennslast fyrir hjá hugsanlegum þolanda – og rætt við einstaklinga sem hafa orðið vitni að neikvæðu hegðuninni.
- Reynt að finna út hvert upphaflegt tilefni var.
- Spjall við geranda/gerendur, einn í einu. Bent á í hverju mistökin felast og reynt að láta viðkomandi sjálfan finna útgönguleið úr málin
- Ef gerandi finnur ekki lausn – er honum bent á eina eða fleiri leiðir.
- Rætt við bæði þolanda og geranda/gerendur saman.
- Foreldrum greint frá úrvinnslu mála í skólanum
- Málið rætt í kennarahópnum á kennarafundum og utan kennslustunda.

Eftirfylgni

- Rætt við þolanda reglubundið í kjölfarið og metið hvort málið sé úr sögunni.
- Ef neikvæð hegðun heldur áfram eða gerandi hefur ekki látið segjast, er haldinn fundur í skólanum með þolanda og foreldri/foreldrum – síðan geranda ásamt foreldrum.
- Mat lagt á hvert sé næsta skref; sameiginlegur fundur, hugsanlegar refsingar, þó fyrst og fremst reynt að finna jákvæða niðurstöðu fyrir alla.

Viðbótarleið - viðhorfskannanir

Ein leið til þess að skilgreina samskiptavanda getur verið að leggja fyrir viðhorfskannanir í skólanum. Þar er reynt að draga fram þá þætti sem hugsanlega geta þýtt að einhverjum líði illa vegna samskipta í skólanum. Slíkar viðhorfskannanir eru lagðar fyrir tvisvar sinnum á vetri í skólanum (okt/nóv. og í feb./mars)

Samstarf við þjónustumiðstöð

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða er að Skúlagötu 21. Síminn þar er 411-1600. Fulltrúi þjónustumiðstöðvarinnar situr í nemendaverndarráði Tjarnarskóla og veitir kennslufræðilega ráðgjöf og er ráðgefandi fyrir starfsmenn skólans.

Mannréttindi og jafnrétti

Mannréttindastefna Reykjavíkur er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars, eða annarrar stöðu.

Rauði þráðurinn í skólastarfi Tjarnarskóla og einkunnarorð skólans eru: *Allir eru einstakir*. Í því felst viðurkenning á því að engin manneskja er eins og önnur. Út frá þeirri skilgreiningu er brýnt að nemendur fái skýr skilaboð um sín mannréttindi og að hver nemandi tileinki sér þau viðhorf sem byggja á jafnræðisreglunni í hvívetna.

Í skólastarfinu er jafnréttisumræðan einkum í svo nefndum mannræktartímum sem eru á stundaskrá nemenda einu sinni í viku. Jafnréttisumræðuna ber víða á góma s.s. í samfélagsfræði, gestafyrirlesturum og áherslupáttum í félagslífi skólans, hópvinnu, umræðutímum með umsjónarkennara. Nemendum er einnig bent á heimasíður þar sem jafnréttismál eru tíunduð. Á stundaskrá 10. bekkjar eru auk þess svo nefndir „mest“-tímar (menntun og störf). Þar kynnast nemendur framhaldsskólakerfinu og huga að ólíkum starfsgreinum og í þeirri umræðu gefst kærkomið tækifæri til þess að tengja jafnréttisumræðunni.

Jafnrétti er eitt af grunnlífsgildunum og jafnréttisumræðan þarf ávallt að vera samofin í ferli daganna. Kennarar leggja sig fram um að opna augu nemenda fyrir mikilvægi jafnréttis hvenær sem færi gefst.

Kennarar skólans hafa sótt námskeið hjá „Blátt áfram“. Það er liður í því að vera betur í stakk búnir til þess að fjalla um kynferðislega áreitni/ofbeldi af þekkingu. Það er liður í að styrkja jafnrétti og virðingu. Í skólastarfinu fáum við einnig gestafyrirlesara um mál af þessu tagi og við leggjum okkur fram um að styrkja heilbrigða vitund nemenda um virðingu og rétt fólks þegar kemur að kynhegðun og kynhneigð.

Náms- og starfsráðgjöf; heimsóknir í framhaldsskóla

Í 10. bekk eru tvær kennslustundir á viku sem við nefnum menntun og störf (MEST). Í þessum tímum fá nemendur fræðslu um framhaldsskólakerfið og kynnst hinum ýmsu störfum og menntunarkröfum. Í tengslum við þessa tíma fara nemendur í heimsóknir í flesta framhaldsskóla. Þessar heimsóknir auðvelda nemendum val á framhaldsskóla þegar að því kemur. Lögð er áhersla á að nemendur skoði vel þá valkosti sem eru í boði og velji námsáfanga sem styðja við þeirra sterku hliðar og áhugasvið.

Sá kennari sem sér um námsáfangann menntun og störf er Sigríður Thorsteinsson sirri@tjarnarskoli.is.

Sálfræðiþjónusta - greiningavinna

Í sumum tilfellum vísuð við nemendum í greiningu ef kennarahópurinn metur það svo að það geti styrkt stöðu nemandans. Í gegnum tíðina hefur verið leitað til sérfræðinga á frjálsum markaði þar sem við höfðum ekki aðgang að sálfræðingi í þjónustumiðstöð. Ný reglugerð um stoðþjónustu felur í sér að síðast liðið skólaár (2010-2011) fengum við aðgang að þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Við fögnum því og samvinna við miðstöðina hefur verið með ágætum og lofar góðu til framtíðar.

Félagsstarf nemenda



Nemendaráð

Í skólanum er skipað nemendaráð í 2. eða 3. viku skólastarfsins á hverjum vetri. Nemendur sem hafa áhuga á að vera virkir í félagslífi skólans gefa þá kost á sér og haldnar eru kosningar þar sem hver bekkur velur tvo fulltrúa í nemendaráð.

Upplýsingar um skipan í nemendaráð og skólaráð 2011-2012 verða færðar inn í skýrsluna þegar þær liggja fyrir. Skólaárið 2010-2011 var nemendaráð þannig skipað:

Agnes Jórunn Andrésdóttir, 8. bekk

Isabell Helga Proppé- Bailey, 7. bekk

Helen Sól Fannarsdóttir, 9. bekk

Sóley Baldursdóttir, 9. bekk

Birta María Elvarsdóttir, 10. bekk

Guðjón Þór Guðlaugsson, 10. bekk

Fulltrúar í Ungmennaráði Reykjavíkurborgar skólaárið 2010-2011 voru

Anna Dóra Aldísardóttir

Birta María Elvarsdóttir

Þórir Andri Karlsson, kennari, er umsjónarmaður félagsstarfsins í skólanum. Hann heldur reglulega fundi með nemendaráði.

Fulltrúar nemenda í skólaráði skólaárið 2010-2011 voru:

Unnur Agnes Níelsdóttir, nemandi í 9. bekk

Sturla Einarsson, nemandi í 10. bekk



Þrátt fyrir fámennið hafa nemendur verið iðnir við að halda uppi góðu félagslífi í skólanum. Stærsti viðburður á hverjum vetri er árshátíð Tjarnarskóla. Sú hefð hefur skapast að halda árshátíðina hjá nágrönnum okkar í Iðnó en skólinn hefur engan samkomusal í gamla skólahúsinu að Lækjargötu 14b. Þá er fastur liður að hafa hinar ýmsu tilnefningar í aðdraganda árshátíðar s.s. ungfrú Tjarnarskóli, herra Tjarnarskóli, bros Tjarnarskóla, bjartasta von Tjarnarskóla, húmor Tjarnarskóla o. fl. Nemendur undirbúa einnig myndband sem nefnist „Kennaragrín“ – þar sem þeir gera góðlátlegt grín að starfsfólki skólans. Það vekur ávallt mikla kátínu.

Haustferð og skíðaferð

Á hverjum vetri er farið í haustferð þar sem lögð er áhersla á góða samveru, að allir nemendur, nýir og eldri, hittist og njóti félagsskapar hver annars. Nemendaráðið skipuleggur kvöldvöku, ratleik, eða annað skemmtilegt.

Skíðaferð er síðan farin í feb./mars á ári hverju. Dvalið er í skála Breiðabliks í Bláfjöllum. Ef ekki reynist skíðaferð er ferðinni breytt í skálaferð.

Keiluferðir og skautuferðir

Að öllu jöfnu er farið í keilu og á skauta tvisvar til fjórum sinnum á vetri. Þá fara allir nemendur skólans saman.

Ýmislegt fleira er á döfinni; Hrekkjavökuball, bekkjarkvöld, skólaböll undir ýmsum formerkjum. Einnig skipuleggja nemendur gjarnan ýmsa tilbreytingu á skólatíma s.s. að koma í sérstökum klæðnaði, litum, með „öðruvísi“ hárgreiðslu, hafa hattadaga, náttfatadaga eða aðra tilbreytingu.

Öskudagur er skemmtilegur skóladagur

Þá mæta nemendur gjarnan í öskudagsbúningum og við gerum okkur dagamun, bæði í kennslu og tilbreytingu af ýmsu tagi; bókum vöflur, eða snæðum pizzur og spilum í bland við skólavinnuna. Nemendur fá einnig að bregða sér um stund í „sælgætisleiðangur“ í tilefni dagsins.

Við gerum okkur dagamun af ýmsu tilefni

Í lok þemadaga, prófadaga á 1. og 3. önn og jafnvel stundum í lok vikunnar gerum við okkur gjarnan dagamun. Stundum gæðum við okkur á kakóbolla og kleinum, pizzusneiðum, sleikjóum, spilum, syngjum, förum í gönguferðir, boltaleikinn póko, sippum, förum í snúsnú eða eitthvað annað sem okkur dettur í hug.

Leiklist undir stjórn Pálinu Jónsdóttur, leikkonu

Fastur liður í félagsstarfi skólans er að nemendur sækja leiklistarnámskeið undir stjórn Pálinu Jónsdóttur, leikkonu. Afrakstur námskeiðsins er síðan uppfærsla á leikriti sem er sýnt fyrir alla nemendur skólans, kennara og foreldra. Við höfum sýnt leikrit þrjú undanfarin ár í lðno. Í lok skólaársins, við skólaslit, er afhent viðurkenning sem hefur hlotið nafnið „Andarinn“. Hann er veittur fyrir góð tilþrif á leiksviðinu.



Vorferð 10. bekkjar

Á hverju vori fagna 10. bekkingar því að grunnskólaáfanganum er að ljúka með því að fara saman í ferð. Um er að ræða ýmist dagsferð eða tveggja daga ferð. Nemendur undirbúa þessa ferð allan veturinn með því að safna í ferðasjóð sem er nýttur til ferðarinnar sem reynist alltaf vera góð samvera nemenda og kennara og foreldra ef svo ber undir.

Samstarf við foreldra



Foreldrar eru afar mikilvægur hlekkur í skólastarfinu. Í okkar augum er góð samvinna á milli foreldra og starfsmanna skólans forsenda góðrar framvindu í skólastarfinu. Viðhorf foreldra eru mikils metin og í viðhorfakönnun Menntasviðs Reykjavíkur meðal foreldra kemur fram mikil ánægja með skólastarfið eins og sjá má á heimasíðu skólans http://www.tjarnarskoli.is/Tjarnarskóli_2010.pdf

Foreldraráð Tjarnarskóla veturinn 2011 – 2012 (hefur ekki verið skipað)

Í foreldraráðinu 2010-2011 voru:

Hulda Sigfúsdóttir, hulda@ispr.is, s. 6619513/5871213

Kristín Ingvadóttir, kingva@simnet.is, s. 5630030 / 5871018

Guðný Magnúsdóttir, gudny.magnusd@gmail.com s. 8660796 / 5870796

Hrönn Guðmundsdóttir, hronngm@landspitali.is, s. 6603814 / 5679505

Niels Adolf Guðmundsson, nag@is.is, s. 8974971 / 5579898

Árlegur viðburður af hálfu foreldrafélagsins er jólaföndur í lok nóvember. Þá hittast fjölskyldur Tjarnskælinga síðdegis og njóta samverunnar með jólaívaði. Þá nýta 10. bekkingar gjarnan tækifærið og bjóða upp á veitingar á vægu verði en afrakstur rennur í ferðasjóð nemenda.

Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir leikhúsförum og komið með ýmsar góðar ábendingar í skólstarfið. Tvo síðast liðna vetur hefur einnig skapast sú venja að foreldrar koma sem gestafyrirlesarar og segja frá ýmist starfsvettvangi sínum eða áhugamálum. Þessir viðburðir hafa verið nefndir pabba- eða mömmudagar í skólanum. Foreldrar koma gjarnan með góðar ábendingar/tillögur í þá veru að krydda skólstarfið.

Mikl áhersla lögð á gott upplýsingastreymi til foreldra

Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á að foreldrar og skólinn vinni saman að góðri námsframvindu hvers nemanda og velferð hans. Við leggjum afar mikið upp úr góðu upplýsingastreymi í þeim tilgangi að foreldrar og nemendur séu vel upplýstir um skólstarfið, nám og samskipti og vellíðan hvers nemanda.

Námspóstar: Upplýsingar um kennslu og viðfangsefni hvers nemanda eru sendar þrisvar sinnum í viku; á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.

Umsjónarkennarapóstar: eru að öllu jöfnu sendir einu sinni í viku. Í þeim fá foreldrar/forráðamenn sundurliðaðar upplýsingar um mætingu og ástundun nemandans. Upplýsingar af öllu mögulegu tagi, s.s. það sem er á döfinni í skólanum, það sem er hagnýtt að foreldrar fái vitnseki um, nestismál, félagsmál og margt fleira má sjá í umræddum umsjónarkennarapóstum auk persónubundna upplýsinga.

Heimasíðan okkar www.tjarnarskoli.is: Á henni eru settar inn fréttir af skólstarfinu og ýmsar hagnýtar upplýsingar.

„Tjarnarskólafréttir“ er fréttapóstur sem er sendur rafrænt nokkrum sinnum á vetri. Í honum eru frásagnir í máli og myndum af skólstarfinu. Skólastjórinn sér um þessa fréttaveitu.

Haustfundir með foreldrum

Við upphaf skólstarfsins höldum við fundi með foreldrum síðdegis. Á þeim fundum er farið yfir ýmis hagnýt atriði, nýir foreldrar fá upplýsingar um Tjarnarskólalaginn, matarmál eru ávallt á döfinni og á þessum fundum tilnefna foreldrar fulltrúa í stjórn foreldrafélagsins. Skólastjóri kallar síðan saman stjórn foreldrafélagsins þar sem hópurinn skiptir með sér verkum og tilnefnir fulltrúa í skólaráð Tjarnarskóla.

Heimanám


Skólstarfið er skipulagt með þeim hætti að nemendur eigi að geta lokið skólavinnunni í skólanum. Hver kennari skipuleggur nám hvers nemanda í samræmi við hver staða hans er hverju sinni. Í lok hvern annar tekur nemandinn síðan próf úr því námsefni sem hann hefur unnið á önninni (3 annir). Sérstakir námstímar eru á stundaskrá nemenda þar sem þeir vinna sjálfstætt þau verkefni sem þeim er ætlað að ljúka fyrir tiltekinn tíma. Sá kennari sem er með nemendum hverju sinni skráir það sem hver nemandi vinnur í tímanum og aðstoðar hann ef svo ber undir.



Stjórnkerfi – skipurit

Eins og allir grunnskólar landsins lýtur Tjarnarskóli yfirstjórn mennta- og menningarráðuneytis og starfar undir eftirliti Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Skólinn er rekinn sem einkahlutafélag.

Skipurit



Níundi bekkur sigraði í keppni 9. bekkinga í Raunveruleikum 2011

Skólaráð

Samkvæmt grunnskólaalögum er skipað skólaráð við skólann ár hvert. Í skólaráði skólans 2010 – 2011 voru: (verður uppfært fyrir skólaárið 2011-2012)

Skólastjóri:	Margrét Theodórsdóttir, tjarnarskoli@tjarnarskoli.is , s. 8916899
Fulltrúar nemenda:	Unnur Agnes Níelsdóttir, 9. bekk, unnur.agnes@live.com , s. 8660789 Sturla Einarsson, 10. bekk, kingva@simnet.is , s. 6635251
Fulltrúar kennara:	Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, tjarnarskoli@tjarnarskoli.is s. 6965584 og Viktoría Gílsdóttir, tjarnarskoli@tjarnarskoli.is s. 8683032
Fulltrúar foreldra:	Foreldrafélagið hefur ekki kosið fulltrúa; verður gert í lok septembermánaðar.
Fulltrúi annars starfsfólks:	Anna Laufey Þórhallsdóttir, ritari, tjarnarskoli@tjarnarskoli.is s. 5624020
Fulltrúi grenndarsamfélags:	Ragnheiður Hanson, rhanson@isam.is s. 7702720

Starfsfólk skólans skólaárið 2011 – 2012



Anna Laufey Þórhallsdóttir	ritarastörf	tjarnarskoli@tjarnarskoli.is
Árni Brynjólfsson	sund	arni.brynjolfsson@rvk.is
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir	íslenska, samfélagsfræði	tjarnarskoli@tjarnarskoli.is
Margrét Theodórsdóttir	skólastjórn, mannrækt, tæknimennt, húsvarsla, umsjón tæknimála og heima- síðu	tjarnarskoli@tjarnarskoli.is
Sigríður Thorsteinsson	umsjónarkennari sérkennsla, menntun og störf hláturjóga, námstímar	tjarnarskoli@tjarnarskoli.is
Sigurborg Pálína Hermannsdóttir,	umsjónarkennari, danska, samfélagsfræði	tjarnarskoli@tjarnarskoli.is
Sylwia M. Henrysson	ræsting	
Steingrímur Kristjánsson	íþróttir	steinibhp@hotmail.com
Þórir Andri Karlsson	umsjónarkennari enska, stærðfræði, sam- félagsfræði	tjarnarskoli@tjarnarskoli.is
Viktoría Gilsdóttir	stærðfræði, náttúrufræði	tjarnarskoli@tjarnarskoli.is

Verksvið starfsmanna

Skólastjóri er Margrét Theodórsdóttir. Hún ber ábyrgð á skólastarfinu og rekstri skólans. Hún hefur einnig umsjón með skólahúsinu, tæknimálum (tölvum) og sér um heimasíðu skólans. Hún er jafnframt kennari og forfallakennari.

Umsjónarkennarar eru þrír, einn í hverjum námshóp. Þeir hafa heildarumsjón með sínum umsjónarnemendum, eru í persónulegum tengslum við foreldra/forráðamenn nemenda í sínum umsjónarþekki og halda utan um skráningu af ýmsu tagi sem viðkemur umsjónarnemendum og bera sérstaka umhyggju fyrir persónulegri velferð þeirra.

Aðrir kennarar eru greinakennarar.

Ritari skólans sér um allan daglegan rekstur, sér um almennt skrifstofuhald, launaútreikninga og mikinn hluta af upplýsingasteymi frá skólanum.

Einn starfsmaður sér um **daglega ræstingu**.

Skólinn nýtur starfskrafta **hjúkrunarfræðings** frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Hagnýtar upplýsingar um skólahald



Skrifstofan er opin að öllu jöfnu frá klukkan 9.00 – 14.00. Ritari skólans er Anna Laufey Þórhallsdóttir. Langoftast er hægt að ná í einhvern starfsmann símleiðis en einnig er hægt að lesa skilaboð inn á símsvara og við bregðumst við erindinu við fyrsta tækifæri.

Skólinn er opnaður í síðasta lagi klukkan 8.00 (oftast fyrr).

Heimilisfang skólans er: Lækjargata 14b, pósthólf 859, 121 Reykjavík

Símanúmer eru: 5624020 og 5516820

Netfang skólans er tjarnarskoli@tjarnarskoli.is

Heimasíða skólans er www.tjarnarskoli.is

Íþróttakennsla fer fram í Valsheimilínu við Öskjuhlíð.

Sundkennsla fer fram í Sundhöll Reykjavíkur

Nestismál

Á hverjum morgni er boðið upp á hafragraut í skólanum. Hann er búinn til í litla eldhúsinu á 3. hæðinni. Grauturinn stendur nemendum til boða frá klukkan 8.00 – 11.45, utan kennslustunda. Nemendur koma að öllu jöfnu með nesti að heiman og neyta þess í tveimur matartímum; um miðjan morgun og í hádegi. Síðastliðna vetur hefur verið farin sú leið að bjóða tímabundið upp á tilbreytingu í nestisframboði. Nemendum hefur þá staðið til boða að panta áskrift af heitum mat tvisvar sinnum í viku frá fyrirtækjum sem bjóða upp á þjónustu af þessu tagi. Hér má nefna Ávaxtabílinn og Happ. Foreldrar hafa þá pantað mánuð í senn. Anna Laufey, ritari, sér um pantanir og móttöku greiðslu.

Forföll og leyfi

Ef nemandi þarf leyfi eða hann getur ekki komið vegna veikinda eða af öðrum orsökum er óskað eftir því að foreldrar láti vita í síma/símsvara, tölvupósti eða með skriflegri orðsendingu. Æskilegt er að þær upplýsingar berist fyrir klukkan 10.00 að morgni.

Viðbrögð við óveðri

Upplýsingar má finna á slóðinni hér fyrir neðan.

<http://www.tjarnarskoli.is/Óveður%20-%20tilmæli%20til%20foreldra.pdf>

Tjón og slys – tryggingar

Allir nemendur skólans eru slysatryggðir. Ef nemandi slasast á skólatíma, hvort sem er í skólanum eða utan hans, s.s. á skólalóð eða á ferðum á vegum skólans greiðir skólinn kostnað vegna komu nemanda á slysadeild. Sama gildir um kostnað vegna flutnings nemenda frá skóla og til slysadeildar. Tannviðgerðir á nemendum tilkomnar vegna slysa í skóla eða á skólalóð á skólatíma eru endurgreiddar að hluta af Tryggingastofnun ríkisins. Það sem eftir er greiðir borgarsjóður, að ákveðinni upphæð, vegna einstaks slyss.

Persónulegir munir nemenda eru ekki tryggðir. Brýnt er fyrir nemendum að skilja ekki eftir verðmæti þar sem ekkert eftirlit er til staðar.

Ef nemandi veldur vísvitandi skemmdum á eigum skólans, annarra nemenda eða þeirra sem þar starfa er hann bótaskyldur.

Kostnaður vegna flutnings nemenda milli skóla og slysadeildar er greiddur.

Samstarf við félagsmiðstöð

Nemendur Tjarnarskóla eru búsettir í hinum ýmsu hverfum borgarinnar. Það er undir hverjum og einum komið að sækja „sína“ félagsmiðstöð ef hann vill. Ef um er að ræða viðburði sem tengjast sérstaklega samstarfi félagsmiðstöðvar og Tjarnarskóla þá er félagsmiðstöðin Frostaskjól „okkar“ félagsmiðstöð. Nemendur skólans hafa t.d. tekið þátt í keppnum á vegum félagsmiðstöðvanna og tilteknum viðburðum á þeirra vegum.

Eldvarnar- og rýmingaráætlun

Við upphaf skólastarfs á hverjum vetri er farið rækilega yfir öryggisþætti sem varða eldvarnir með nemendum og starfmönnum skólans. Skólastjóri hefur umsjón með þeim þætti. Allir fá fræðslu um hvaða öryggisútbúnaður er til staðar í skólanum og hvernig sá búnaður gefur til kynna ef ekki er allt með felldu.

Farið er rækilega yfir rýmingarferli. Nemendur fá minnisblað í hendur. Það minnisblað er „til prófs“ í annarlok 1. annar í námsgreininni mannrækt.

Rýmisæfing fer að jafnaði fram tvisvar á vetri með aðkomu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Viðbrögð við jarðskjálftum

Þegar rætt er við nemendur um viðbrögð við hættu að völdum elds þá er jafnframt farið yfir viðbrögð sem hafa þarf í huga ef jarðskjálfti á sér stað.



Annað sem skólinn vill taka fram



Raunveruleikurinn – góður árangur

Undanfarin fimm ár hafa elstu nemendur skólans tekið þátt í hinum svo nefnda Raunveruleik sem er lífsleiknikeppni sem fram fer á veraldarvefnum. Þessi leikur er í senn bæði keppni einstaklinga og bekkjarheildar og snýst um ýmislegt sem lýtur að því að búa ungmenni undir að takast á við ábyrgð fullorðinsáranna, er nokkurs konar eftirlíking af raunveruleikanum. Um er að ræða m.a. fjármálafræðslu, upplýsingar um gildi trygginga, um námslán, íbúðakaup, fæðingarorlof og fleira. Á annað þúsund nemenda um allt land hafa tekið þátt í þessum leik undanfarin ár. Nemendur í Tjarnarskóla hafa orðið í 1. sæti fjórum sinnum á sex árum og 2. sæti tvisvar á þessum sex árum. Síðast liðinn vetur (2010-2011) stóð 9. bekkjum einnig til boða að taka þátt í Raunveruleiknum og urðu ekki eftirbátar 10. bekkja því þeir urðu í 1. sæti í leiknum, en um 1000 nemendur tóku þátt.

Samvinna við Fjölbrautaskólann í Ármúla

Skólaveturinn 2010-2011 var fjórða árið sem við í Tjarnarskóla vorum í samvinnu við fjarnámsdeildina í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Það er mismundandi milli ára hversu margir ljúka fjarnámsáföngum en skólaárið 2010 – 2011 koma sextán nemendur skólans væntanlega til með að ljúka 21 áfanga í ensku og lífsleikni em skila hver um sig þremur einingum. Þetta er nokkur fækkun frá árinu á undan þegar nemendur luku samtals 39 námsáföngum í 7 námsgreinum; ensku, dönsku, þýsku, sögu, náttúrufræði, líffræði og lífsleikni. Þessi samvinna hefur verið ánægjuleg og heldur væntanlega áfram skólaveturinn 2011-2012.

Grenndarskógasamkomulag undirritað á skólaárinu 2009-2010

Það er ánægjulegt að geta þess að Tjarnarskóli, Umhverfissvið Reykjavíkurborgar og Menntasvið Reykjavíkurborgar / LÍS-verkefnið, gerðu með sér samkomulag um notkun á grenndarskógi/görðum í miðborginni og aðgang að fræðslu og ráðgjöf varðandi skógartengt útinám í skólastarfi. Þetta samkomulag var undirritað í Mæðragarðinum í febrúar 2010. Í tengslum við þennan áfanga fóru allir nemendur og kennarar á námskeið í Öskjuhlíðinni undir stjórn Ólafs Oddssonar, forstöðumanns LÍS-verkefnisins (Lesið í skóginn). Við nefndum þetta námskeið „Ævintýri í Öskjuhlíðinni“.

Útikennsla er á döfnni á hverjum vetri og það hefur vakið ánægju meðal nemenda og starfsfólks að eiga nú okkar grenndarskóg.



Heimsóknir 10. bekkina í framhaldsskóla; fræðsla um menntun og störf

Í 10. bekk eru tvær kennslustundir á viku sem við nefnum MEST; menntun og störf. Í þessum tímum fræðast nemendur um námsfyrirkomulag framhaldsskólanna, námskröfur, menningu hvers skóla og fleira. Nemendur kynna sér einnig menntunarleiðir fyrir hin ýmsu störf sem þeir geta stefnt að í framtíðinni. Kennari fer með nemendur í heimsóknir í flesta framhaldsskólana á hverjum vetri. Skólaárið 2010-2011 heimsóttu nemendur 10 framhaldsskóla og á skipulagi vetrarins 2011-2012 eru einnig margar heimsóknir á dagskrá.

Við förum gjarnan með nemendum út úr húsi í hinar ýmsu heimsóknir

Kennarar skólans eru duglegir að fara með nemendum á söfn, heimsækja stofnanir og skoða umhverfið. Skólaárið 2010 – 2011 var fjölbreytinn í fyrirrúmi sem löngum fyrr. Hér má nefna reglulegar heimsóknir á Borgarbókasafn Reykjavíkur, heimsókn í Landnámssafnið, Húsdýragarðinn, Þjóðminjasafnið, Þjóðmenningarhús, Skólalæping, fyrirtækið CAOS þar sem verið var að gera teiknimyndina Thor í þrívídd, einnig ferð í 365, ferð í Keiluhöll og fjölmargar heimsóknir nemendahópa á tvennum þemadögum í skólanum. Auk heimsókna af þessu tagi héldum við upp á dag íslenskrar tungu við stytta Jónasar Hallgrímssonar í Hljómskálagarðinum, stunduðum útinám í Elliðaárdal, höfðum ratleiki og svo nefnda Tjarnarskólahreysti skömmu fyrir páska. Í þessum ferðum gerum við miklar kröfur til nemenda um að sýna fallega framkomu og segjum gjarnan að það sé mikilvægt fyrir þá að skilja eftir sig góðar minningar fyrir þá sem taka á móti þeim. Við komum til með að halda uppteknum hætti skólaárið 2011-2012.

Gestir fá talsvert svigrúm í skólasterfinu. „Skerpa“ á stundaskránni

Okkur finnst afar mikilvægt að fá fjölbreytilega gesti til okkar í skólann. Þannig hefur það verið allt frá stofnun skólans. Á stundaskrá nemenda eru svo nefndir „Skerputímar“. Í þessum tímum fáum við gjarnan gesti sem segja nemendum frá starfi/áhugamáli sínu, fræða, skemmta o.s.frv. Það er skemmtilegt að geta þess að skólaveturinn 2009-2010 var briddað upp á svo nefndum „pabbadögum“ en hugmyndin kom upphaflega frá foreldrum á þeirri forsendu að pabbar væru að öllum líkindum sjaldséðari í skólanum en mömmur. Síðast liðinn vetur þróaðist þessi hugmynd enn frekar og pabba- og mömmudagar urðu á dagskrá öðru hverju. Foreldrabátttaka af þessu tagi verður án efa fastur liður í skólasterfinu á komandi árum. Á skólaárinu 2010-2011 komu fjölmargir gestir til okkar. Nefna má nokkra gesti: Þorgrím Þráinsson, rithöfund, Guðna Gunnarsson, jóggennara, gesti frá Ungmennafélagi Íslands, einnig frá Samtökunum '78 og Samtökunum 100%, leikarann Jóhann G. sem leit inn til okkar á þemadögum, tveir gestir frá Zetafilm komu og fræddu nemendum um kvikmyndagerð. Heimsóknir af þessu tagi eru bæði fræðandi og skemmtilegar og um leið þjálfun fyrir nemendum í að sýna háttvísi og fallega framkomu gagnvart gestum okkar.

Hláturjoga

Skólaárið 2009 – 2010 hófst kennsla í hláturjoga í Tjarnarskóla. Markmiðið var að hafa jákvæð áhrif á líðan nemenda, hópastarf og starfsanda. Þessi tilraun er hluti af þróunarverkefni í Tjarnarskóla og hefur að okkar mati orðið gott innlegg í þá veru að auka sjálfstraust nemenda og styrkja á margan veg sem getið er nánar um í sjálfsmatsskýrslu skólans. Hláturjogað verður áfram á dagskrá veturinn 2011-2012.

Ungbarnadagarnir „Hugsað um barn“

Skólaárið 2009 – 2010 var stigið það skref að tíundu bekkingar tóku þátt í svo nefndum ungbarnadögum. Þetta var námskeið sem var haldið í samvinnu við fyrirtækið OB ráðgjöf. Nemendur í 10. bekk fengu það verkefni að annast „sýndarungbarn“ í tvo og hálfan sólarhring. Í því fólst að fylgjast með því að „börnunum“ væri sinnt af natni og varúð: Bleyjuskipti, mjólkurgjafir voru reglulega á dagskrá, „börnin“ þurftu að ropa og það þurfti að hugga þau. Yngri nemendur sýndu þessu verkefni einnig mikinn áhuga og 10. bekkingar mæltu hiklaust með því að þetta yrði árlegt verkefni í skólanum. Þetta var í fyrsta skipti á Íslandi sem verkefni af þessu tagi fór fram á skólatíma. Þetta tókst svo vel að námskeiðið var haldið að nýju fyrir nemendur í 10. bekk skólaárið 2010-2011 og tókst afar vel. Þetta verkefni er jafnframt orðið þróunarverkefni í Tjarnarskóla.



Umbótaáætlun – þróunarstarf

Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2011 – 2012 eru tólf þróunarverkefni á stefnuskránni:

1. Endurskoðun skólanámskrár. Áætlað var að ljúka þeirri vinnu sumarið 2011, en gæti dregist eitthvað vegna breytinga á grunnskólalögum.
2. Við höldum áfram að þróa frjálsllestur í skólanum. Á vorin veitum við verðlaun fyrir lestur flestra blaðsíðna. Þau verðlaun hafa hlotið nafnið „Magnúsinn“. Það er sá nemandi sem hefur lesið flestar blaðsíður hingað til. Hann er nú fyrrum Tjarnskælingur en mætir við skólaslitin og afhendir þessi verðlaun. Sá nemandi sem slær hans met, fær sitt nafn á viðurkenninguna.
3. Við ætlum að halda áfram að bæta stuðningsnetið fyrir þá nemendur sem þurfa mest á stuðningi að halda.
4. Kennarar ætla að þróa áfram endurbætur á þemadagafyrirkomulagi í skólanum og mat á þeim.
5. Svo er það hláturjogað okkar, þriðja árið í röð. Það er spennandi að fylgjast með gangi mála og sjá hvernig þessi þáttur í skólastarfinu hefur áhrif á nemendur, bekkjarandann og námsvinnuna í skólanum.

6. Viðhorfskannanir meðal nemenda og foreldra verða tvisvar næsta vetur til þess að kanna líðan og samskipti í skólanum, einnig er fyrirhugað að gera könnun meðal kennara skólans.
7. Þjálfun nemenda í notkun margföldunartöflunnar og í hugareikningi er í þróun.
8. Verkefnið „Hugsað um barn“ er verkefni í 10. bekk. Þetta skemmtilega verkefni hófst fyrir tveimur árum og verður áfram þróunarverkefni hjá okkur.
9. Dönskukennarinn heldur áfram að vinna sérstaklega með spurninguna: Hvernig er hægt að tengja dönskunámið við upplýsingatækni?
10. Kennarahópurinn ætlar að vinna saman endurskoðun á matsblaði rannsóknarverkefna vetrarins og útfærslu þeirra verkefna.
11. Við ætlum að beina athyglinni sérstaklega að viðmóti og menningu í skólanum sem felst í því að leitast við að skilgreina hvernig lýsa má „Tjarnarskólataktinum“ sem við erum svo stolt af.
12. Nemendur í 10. bekk fá á hverjum vetri öfluga fræðslu um framhaldsskólakerfið til þess að auðvelda þeim val á skóla eftir að grunnskóla lýkur. Við viljum gjarnan mæla hversu þessi fræðsla auðveldar nemendum að taka ákvörðun að vori og hvaða þættir í þessari fræðslu koma þeim helst til góða við ákvarðanatökuna.

Við hlökkum ávallt til skólastarfs á nýju skólári og að vinna með góðum unglingum.

Maí 2011

Margrét Theodórsdóttir

skólastjóri

